

nokkru leyti með því að afhenda án endurgjalds nefndum viðsemjanda sínum 14 kg af Boxer Plast H 85, áður en stefnandi bætti sjálfur fyrirtæki þessu hið ónothæfa efni. Verður lækkunarkrafa stefndu því tekin til greina. Samkvæmt þessu eru stefndu dæmdir til að greiða stefnanda kr. 3.600.00 ásamt vöxtum, er ákveðast 7% ársvextir frá 1. maí 1968 til greiðsludags.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Karl Einarsson og Kristens Sigurðsson, greiði stefnanda, Preben Skovsted, kr. 3.600.00 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1968 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1971.

Nr. 26/1970. **Hraðfrystihús Patreksfjarðar h/f**

(Kristinn Einarsson hrl.)

gegn

Hraðfrystistöð Vestmannaeyja

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. janúar s. á. Krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda kr. 122.000.00 með 8% ársvöxtum frá 20. marz 1969 til greiðsludags, en stefnda verði gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða

kr. 122.000.00 með 8% ársvöxtum frá 6. marz 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Taka ber til greina kröfu stefnda um upphafstíma vaxta, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 39/1922. Verður því áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda kr. 122.000.00 með 8% ársvöxtum frá 6. marz 1968 til greiðsludags. Áfrýjandi hafði ekki uppi varnir í héraði. Ber því að dæma hann til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hraðfrystihús Patreksfjarðar h/f, greiði stefnda, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, kr. 122.000.00 með 8% ársvöxtum frá 6. marz 1968 til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 23. júní 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Einari Sigurðssyni forstjóra f. h. Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 11. apríl 1969, birtri 19. s. m., á hendur Boga Þórðarsyni framkvæmdastjóra, Aðalstræti 116, Patreksfirði, f. h. Hraðfrystihúss Patreksfjarðar h/f, Aðalstræti 63, Patreksfirði, til greiðslu skuldar samkvæmt úttektarreikningi að fjárhæð kr. 167.750.00 ásamt með 8% ársvöxtum frá 6. marz 1968 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu, þar með talin full málfaerslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnukrafan er andvirði 30.500 kg af frystri loðnu, sem stefnandi sendi stefnda með m/s Herjólf frá Vestmannaeyjum hinn 6. marz 1968. Stefnandi reiknar verðið kr. 5.50 hvert kg, og kemur þá út stefnukrafan, kr. 167.750.00.

Stefndi lét mæta við þingfestingu 8. maí s.l. og fékk 3ja vikna frest til greinargerðar, eða til 29. maí s.l. Þann dag fékk hann

framhaldsfrest í sama skyni í 2 vikur, eða til 12. þ. m. Þann dag beiddi hann enn um framhaldsfrest til greinargerðar, og var honum synjað af stefnanda um frekari frest í málinu. Gekk atriðið undir úrskurð, og með úrskurði, uppkveðnum 19. þ. m., var frestbeiðninni synjað. Lögðu þá báðir aðiljar málið undir dóm.

Stefnandi hefur lagt fram reikning yfir hina umstefndu skuld, og eru kröfur hans í málinu í samræmi við reikninginn. Engir gallar virðast vera á málalíbúnaði stefnanda, er varða eigi frá-vísun ex officio, og þar sem stefndi lét mæta og hélt ekki uppi neinum andmælum, þykir bera að taka kröfur stefnanda að öllu leyti til greina.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 19.800.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Bogi Þórðarson f. h. Hraðfrystihúss Patreksfjarðar, greiði stefnanda, Einari Sigurðssyni f. h. Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, kr. 167.750.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 6. marz 1968 til greiðsludags og kr. 19.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1971.

Nr. 244/1970. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Friðrik Ágúst Hjörleifssyni
 (Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með